

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 14.12.2018

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar 14. desember 2018 í Skagabúð kl. 13:30.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2019 og 2020-2022 – seinni umræða

2. Fundargerð Byggðasamlags um skóla- og félagsþjónustu 10. desember 2018 – fjárhagsáætlun 2019

3. Bréf

-Frá Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu og svarbréf

-Frá Erlendi Kolbeinssyni

-Frá Jólasijóð RKÍ og Hólaneskirkju

4. Önnur mál

1. Fjárhagsáætlun 2019 og 2020-2022 – seinni umræða

Útsvarsprósenta verður 14,52% og fasteignaskattur 0,4%

Fjárhagsáætlun Skagabyggðar fyrir árið 2019 rædd og borin undir atkvæði og er samþykkt samhljóða. Skatttekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar 110.996.000 kr. og gjöld eru áætluð 102.034.000 kr. Niðurstaða er jákvæð um 7.913.000 kr. Þegar tillit hefur verið tekið til fjármunatekna og B-hluta fyrirtækis.

Fjárhagsáætlanir Skagabyggðar fyrir árin 2020-2022 eru teknar til annarar umræðu og bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

2. Fundargerð Byggðasamlags um skóla- og félagsþjónustu 10. desember 2018 – fjárhagsáætlun 2019

Fundargerð og fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar.

3. Bréf

- Frá Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu og svarbréf Skagabyggðar

Bréfin lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 14.12.2018

- Frá Erlendi Kolbeinssyni

Óskað eftir fjárstyrk frá sveitafélaginu vegna brunavarnarátaks í Skagabyggð. Samþykkt að ganga til samnings við hann að upphæð 150.000 kr.

- Frá Jólasjóð RKÍ og Hólaneskirkju

Óskað eftir fjárstuðningi vegna jólasjóðs 2018. Samþykkt að styrkja verkefnið um 100.000 kr.

4. Önnur mál

a) Erindi frá Skipulags- og byggingarnefnd.

- Óskað eftir stofnun lóða á Steinnýjarstöðum. Samþykkt að stofna tvær lóðir þar sem önnur heitir Steinnýjarstaðir 1 og hin Steinnýjarstaðir 2. Hvor um sig er 700 m² og umsókninni fylgir hnitsettur uppdráttur. Skrá þarf lóðirnar inn í kerfið Bygging.

- Óskað eftir stækkun á lóð og breytingu á nafni á fasteign Þverá land, landnúmer 145483. Umsókninni fylgir hnitsettur uppdráttur. Óskað er eftir að breyta nafninu í Þverárbrekka. Nafna- og lóðabreyting samþykkt.

- Deiliskipulag fyrir Kálfshamarsvík rætt.

Skipulags- og byggingarnefnd telur brýnt að forðast ágang búfjár á svæðinu og koma í veg fyrir átroðning ferðamanna á eignarlöndum. Því megi mæta með því að girða svæðið af. Þá sé athugandi að hafa bílastæði við Voginn frekar en ofan við tjörnina.

Sveitastjórn samþykkir deiliskipulagstillögu sem unnin er af Landslagi með þeim fyrirvara að samkomulag náist við landeigendur Kálfshamars og Saura.

b) Kosning varamanns í Skipulags- og byggingarnefnd. Kolbrún og Baldvin færast upp um sæti og þriðji varamaður verður Jón Helgi Sigurgeirsson.

Fleira ekki tekið fyrir og fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:40

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Magnús Guðmannsson

Karen Helga R. Steinsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson